

rskj. nr. 3 í máli þessu, var verðmæti veiðarfæra m/b Hannesar Lóðs, VE 7, í umrætt sinn kr. 28.300.00 og verðmæti afla kr. 40.421.50, og er hvort tveggja gert upptækt, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði Jóhann Guðjónsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði og greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en sæti ella 20 daga varðhaldi í stað sektarinnar.

Allur afli og veiðarfæri m/b Hannesar Lóðs, VE 7, að verðmæti kr. 68.721.50, eru gerð upptæk til Landhelgissjóðs Íslands. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1971.

Nr. 203/1970. Gunnar Pálmason

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Guðmundi Ákasyni og

(Áki Jakobsson hrl.)

Óskari Jóni Guðjónssyni og til réttargæzlu

Ólafi Ásgeirssyni, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Þorvarði Ólafssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með gagnáfrýjunarstefnu 9. nóvember 1970. Stefndi Guðmundur Áka-

son skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1970, en því máli var vísað frá Hæstarétti hinn 28. maí 1971.

Afrýjandi gerir þar dómkröfur, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda Guðmundar Ákasonar.

Stefndi Guðmundur Ákason krefst þess, að úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur, sem gekk sinn 22. júlí 1970, verði felldur úr gildi. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi afrýjanda.

Af hálfu stefnda Óskars Jóns Guðjónssonar og réttargæzlustefndu var ekki sótt þing við munnlegan flutning málsins.

Eftir frávísun aðalsakar er eigi unnt að dæma um þá kröfu stefnda Guðmundar Ákasonar, að greindur úrskurður uppboðsdóms verði felldur úr gildi.

Stefndi Guðmundur Ákason hafði áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína, og var því ástæða til, að áfrýjandi bæri málið undir Hæstarétt. Er því rétt, að stefndi Guðmundur Ákason greiði málskostnað hér fyrir dómi, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Ákason, greiði áfrýjanda, Gunnari Pálmasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Reykjavíkur 22. júlí 1970.

(Sjá bls. 618).